

# Ferðareglur KÍ

Keppendur, fararstjórar, meðlimir í fararstjórn, þjálfarar og dómarar skulu ávallt vera til fyrirmyndar í framkomu í ferðum á vegum KÍ og sýna hæversku og reglusemi á keppnisstað og utan hans. Á ferðalagi sameinast allir í að vinna að velferð hópsins, góðri ímynd, liðsheild og velgengni. Brot á þessum ferðareglum verða tekin fyrir af stjórn samkvæmt lögum KÍ.

## **Iðkendur** (keppendur / íþróttafólk)

1. Keppendur skulu ávallt sýna íþróttamannslega framkomu jafnt utan sem innan mótsstaðar.
2. Þeir lúta þeim reglum sem fararstjórn setur enda miða þær að því að skapa góða ímynd, ná árangri og efla liðsheild.
3. Á ferðadögum (á brottfarar- og heimkomudegi) og mótsdögum klæðast öll liðsfötum (t.d. landsliðspeysu) ef þau eiga.
4. Keppendur skila inn viðeigandi skjölum til Lyfjæftirlits Íslands ef þeir taka tilkynningarskyld lyf að læknisráði.
5. Keppendur bera ábyrgð fyrir sitt leyti á að landsliðsbúningur sé hreinn og í samræmi við reglur. Keppa skal í nýjustu útgáfu landsliðsbúnings.
6. Íþróttamenn mega aldrei yfirgefa mótsstað eða gististað án leyfis þjálfara eða fararstjóra. Farið er yfir almennar reglur um þetta í hverri ferð, í samræmi við aldur hópsins og staðinn sem mótið er haldið á.
7. Keppendur skulu ávallt halda hópinn á meðan á ferð stendur nema með leyfi fararstjóra eða þjálfara. Foreldrar/forráðamenn keppenda geta ekki tekið keppanda út úr hópnum, nema með leyfi fararstjóra.
8. Þegar iðkendur fara út af móts- eða gististað þurfa þeir alltaf að vera a.m.k. tveir saman og vera með síma með góðri hleðslu. Iðkendur á grunnskólaaldri þurfa að vera í fylgd með fararstjórn nema sérstaklega er veitt leyfis til annars.
9. Öll eiga að vera komin inn á gististað kl 22 á kvöldin nema annað sé tekið fram. Keppendum ber að ganga vel um gististaði á ferðum, ganga hljóðlega um og gæta þess að raska ekki ró annarra með hávaða og slæmri umgengni.
10. Keppendur, fararstjórar, fararstjórn og þjálfarar skulu kappkosta að hafa heilbriggt lífverni í fyrirrúmi á ferðalögum, þar með talið að gæta að góðum svefni og næringu.
11. Meðlimum úrvalshóps ungmenna er bannað að neyta áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna í keppnisferðum á vegum KÍ. Íslensk lög gilda í keppnisferðum um neyslu ávana- og fíkniefna.
12. Keppendur bera ábyrgð á persónulegum eigum sínum.
13. Ef keppandi hefur einhverjar sérþarfir sem hann þarf aðstoð við, s.s. hefur ofnæmi, er með svefnvandamál eða þarf að taka lyf skal fararstjóri látinn vita fyrir brottför.
14. Þátttakendur og forráðamenn þeirra bera ábyrgð á tryggingum þeirra í ferðum á vegum KÍ. Iðkendur eru ekki tryggðir af KÍ í ferðum.
15. Ef keppandi verður uppvís að broti á þessum reglum er heimilt að senda hann heim á kostnað keppandans.

## **Fararstjóri:**

1. Fararstjóri fer með æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur og er ábyrgur gagnvart stjórn KÍ. Hann kemur fram fyrir hönd hópsins og þarf því að tala íslensku og ensku eða það mál sem talað er í viðkomandi landi.
2. Fararstjóri skal skipaður svo snemma sem auðið er og skal það koma fram í upplýsingaskjali ferðarinnar hver fer með hlutverkið.
3. Fararstjóri fylgist með undirbúningi ferðarinnar og er í sambandið við landsliðsþjálfara, dómara og skrifstofu KÍ (t.d. um bókun á flugi, rútu eða lestarferðum).
4. Fararstjóri vinnur í samráði við þjálfara, sem sjá um þann hluta ferðarinnar sem snýr að íþróttaiðkuninni.
5. Fararstjóri hefur umsjón með fararstjórn og skiptir niður verkum eftir þörfum.
6. Fararstjóri sér um að innrita hópinn í flug þegar þess þarf (athuga sérstaklega lággjaldaflugfélög) og á gististað. Hann situr fararstjórafundum á mótsstað og kemur upplýsingum til þjálfara og keppenda.
7. Fararstjóri sinnir öðrum störfum sem tengjast velferð, góðri ímynd, liðsheild og þátttöku hópsins í viðkomandi ferð.
8. Fararstjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum.
9. Fararstjóra er heimilt að neita beiðni foreldris um að taka þátttakanda úr hópnum á meðan ferð stendur.
10. Krefjist stærð hópsins þess, skipar stjórn KÍ aðstoðarfararstjóra. Þá er heimilt að leita til annarra starfsmanna KÍ í ferðinni s.s. dómara og þjálfara.

### **Aðilar í fararstjórn**

1. Foreldrar/forráðamenn sem skrá sig í ferðir á vegum KÍ, en eru ekki fararstjórnar, eru í fararstjórn og aðstoða fararstjóra eftir þörfum.
2. Foreldrar/forráðamenn geta ekki skráð sig í ferð á vegum KÍ og ekki verið í fararstjórn.
3. Aðilar í fararstjórn geta ekki farið með sínu barni úr ferðinni án þess að hafa samþykki fararstjóra eða þjálfara.

### **Foreldrar/forráðamenn í ferðum á eigin vegum samhliða keppnis- eða æfingaferð**

1. Foreldrar og aðrir gestir eru ekki á ábyrgð KÍ.
2. Foreldrar skulu láta fararstjóra vita að þau verði á svæðinu.
3. Í umgengni við hópinn gilda um þá sömu reglur um hæversku og reglusemi sem og aðra farþega.
4. Foreldrar geta ekki tekið börn sín úr hópnum, nema í samráði við þjálfara og fararstjóra. Þjálfari og fararstjóri geta neitað slíkum beiðnum.

### **Þjálfarar**

1. Þjálfarar annast alla faglega þætti sem tengjast keppendum og keppninni sjálfri. Kynna keppendum skipulag keppni og æfinga og sjá til þess að þeir séu stundvísir. Þeir leita til fararstjóra ef þörf krefur.
2. Þjálfarar skuli ávallt vinna í samráði við fararstjóra, sem hefur lokaorðið ef kemur upp ágreiningur.
3. Þjálfari ber ásamt fararstjóra, ábyrgð á keppendum utan vallar sem innan, á ferðalagi sem dvalarstað. Saman skipuleggja þeir matartíma, frjálstan tíma, ferðalög og annað.
4. Þjálfarar skulu í framkomu sinni og athöfnum vera góð fyrirmynd.
5. KÍ getur óskað eftir að þjálfarar skili ferðaskýrslu eftir að heim er komið.

### **Dómarar**

1. Dómarar skulu með framkomu sinni og athöfnum skapa góða ímynd út á við.
2. Dómarar sem sendir eru á mót á vegum KÍ aðstoða þjálfara og fararstjóra með hópinn ef þörf er á.

*Samþykkt af stjórn KÍ 4. Mars 2026.*